

## **Spor, 1999**

Þetta greinasafn er til minningar um dr. Guðrúnu Marteinsdóttur sem lést 24. Nóv. 1994. Hún hóf störf við námsbraut í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands strax að loknu meistaranámi í Boston í Bandaríkjunum og vann ötullega að þróun námsskrár og kennslu. Hún var einn af brautryðjendum í þróun hjúkrunarmenntunar á háskólastigi hér á landi. Á starfsferli sínum flutti Guðrún ýmis erindi og skrifaði um margvísleg heilbrigðismál, einkum um heilsugæslu. Lagði hún ríka áherslu á fjölskylduhjúkrun. Í bókinni eru greinar eftir Guðrúnu og samstarfskonur hennar sem áður hafa birst í íslenskum fagtímaritum á árunum 1981-1994. Greinunum er raðað í tímaröð. Meðhöfundar og ritstjórnir viðkomandi fagtíma veittu góðfúslega leyfi sitt til endurbirtingar á greinunum. Það er von okkar að SPOR Guðrúnar megi auðvelda aðgang að verkum hennar og verða fólki til fróðleiks um þau málefni sem henni voru hugleikin á þessum tíma. Allur ágóði af sölu greinasafnsins rennur í Minningarsjóð dr. Guðrúnar Marteinsdóttur.

*Reykjavík, 2. júní 1999*

*Sóley S. Bender, lektor*

*Marga Thome, PhD, dósent*